

# Sel Enska 9. bekkur 2020 - 2021

---

Kennarar: Ásta Hlín Magnúsdóttir; Helga Brynleifsdóttir

9

## Lýsing

Námsþættir í ensku eru hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

## Markmið:

Að nemendur:

- öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli.
- náí leikni í að beita málinu hnökralftið í frásögnum og samskiptum
- geti notað málið á skapandi hátt í ræðu og riti.

## Námsefni:

- Spotlight 9, les- og vinnubók
- Lestrabækur
- Smásögur
- Verkefni frá kennara
- Myndbönd
- Ýmsir miðlar

## Kennsluaðferðir:

Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horfa á myndbönd, hlusta á ýmsar frásagnir, lesa stuttar skáldsögur og skrifa ritgerðir. Einnig taka þau þátt í umræðum og afla sér upplýsinga, vinna úr þeim og kynna fyrir samnemendum.

## Námsmat:

Verkefni, kannanir og vinnubrögð eru metin út frá hæfniviðmiðum námsgreinarinnar. Nemendur fá upplýsingar í upphafi hvers verkefnis hvaða hæfniviðmið verða metin hverju sinni og hvaða kröfur kennari gerir til nemenda. Hæfni nemenda er metin jafnt og þétt og matið birtist reglulega á hæfnikorti nemenda á mentor.

### SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Hlustun

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins.
- Fylgt þræði í aðgengilegu efni dægurmenningar, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir einstökum atriðum og brugðist við með orðum eða athöfnum.

### SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Lesskilningur

- Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum.
- Sýnt fram á skilning á almennum orðaforða og nýtt sér hann í myndun málsgreina.
- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið og sýnt fram á skilning á smásögum og styttri skáldsögum.

### SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Sýnt fram á allgóð tók á daglegum orðaforða.

### SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Frásögn

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni af nokkru öryggi.

### SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Ritun

- Skrifað samfelldan texta á lipru máli.
- Sýnt fram á þekkingu á grunnreglum í málfræði.
- Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt.
- Skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.

- Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega.

### **SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Menningarläsi**

- Sýnt fram á þekkingu á málsvæðum þar sem enska er töluð og þekkir vel til mannlífs og menningar á viðkomandi svæði.

### **SEL Enska 9. bekkur 2020-2021 - Náms hæfni**

- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu.
- Sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og farið eftir fyrirmælum.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á sanngjarnan hátt sjálfsmati og jafningjamati.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.